



Hestamannafélagið Glaður

Aðalfundur 6. apríl 2006

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs haldinn í Dalabúð 6. apríl 2006.

Í upphafi fundar voru 20 félagsmenn mættir.

Formaður setti fund kl. 20:40 og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Bryndís var kjörin fundarstjóri og Þórður fundarritari
2. Skýrsla stjórnar.

Þórður, ritari gerði grein fyrir úrsögnum úr félaginu, þær voru 7, og inngöngu nýrra félaga sem voru 9. Félagar eru nú samtals 148 talsins.

Bryndís, formaður, flutti meginmál skýrslunnar og greindi frá því helsta í starfi félagsins frá síðasta aðalfundi.

Gróa Dal sagði næst frá starfi æskulýðs- og fræðslunefndar.

Viðar Þór Ólafsson flutti skýrslu íþróttanefndar, í máli hans komu fram áhyggjur af minnkandi þátttöku á mótum félagsins.

Eyþór Gíslason sagði frá starfi reiðveganefndar félagsins og reiðveganefndar Vesturlands en hann er fulltrúi okkar þar. Eyþór sagði næst frá starfi skemmtinefndar og loks frá starfi sínu í framkvæmdanefnd Fjórðungsmótsins. Hann lagði einnig fram rekstrarreikning og uppgjör Fjórðungsmótsins en hagnaður varð af því og koma kr. 410.355 til Glaðs.

3. Valberg, gjaldkeri lagði fram ársreikning félagsins fyrir árið 2005 og skýrði hann. Hagnaður varð af rekstri félagsins kr. 1.663.579 og skýrist hann aðallega af því að reikningar vegna vinnu við reiðvöll voru ekki gefnir út fyrr en eftir áramót og einnig vegna hagnaðar af Fjórðungsmótinu.
4. Formaður opnaði fyrir umræðu um skýrslur og reikninga. Margir félagar tóku til máls og varð m.a. talsverð umræða um mótahald félagsins. Fundurinn samþykkti að íþróttanefnd móti hugmyndir eða tillögur um fyrirkomulag íþróttamótanna. Rætt var um árshátíð félagsins en tap hefur verið á henni 2 ár í röð.
5. Reikningar voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.
6. Kosningar skv. 6. grein laga félagsins.

Formaður til 3 ára. Stungið var upp á Bryndísi Karlsdóttur og einnig kom tillaga um Eyþór Gíslason. Eyþór lýsti sig tilbúinn til formennsku og Bryndís sagðist þá draga sig til baka. Eyþór var því lýstur rétt kjörinn formaður til næstu 3 ára.

Varaformaður til 3 ára. Harald gefur ekki kost á sér áfram. Tillaga kom um Skjöld Orra Skjaldarson og um Svölu Svavarsdóttur. Fram fór skrifleg kosning sem fór þannig að Svala fékk 14 atkvæði og Skjöldur 6. Svala er því réttkjörin varaformaður.

Margrét Guðbjartsdóttir bað um orðið og lýsti því að hún vildi ekki starfa lengur í stjórn félagsins. Í ljós kom að varamaður hennar er Viðar Þór Ólafsson og tekur hann því sæti hennar í stjórn næstu 2 árin.

Skoðunarmaður reikninga var endurkjörinn Sigurður Jökulsson til næstu 2 ára.

Fulltrúar á Landsþing LH: Sigurður Jökulsson var kosinn til að fara á þingið ásamt formanni.

Fulltrúar á UDN þing: vísað til stjórnar.

7. Kosning nefnda. Eftirfarandi nefndir voru kosnar með lófataki:

Fræðslunefnd: Fanney Þóra Gísladóttir
Gróa Dal Haraldsdóttir
Valberg Sigfússon
Sigurður Jökulsson

Íþróttanefnd: Viðar Ólafsson
Monika Backman
Svala Svavarsdóttir
Málfríður Finnsdóttir
Guðmundur Erlendsson

Vallarnefnd: Gilbert Elísson
Guðbjörn Guðmundsson
Gísli Þórðarson

Reiðveganefnd: Eyþór Gíslason
Guðbjörn Guðmundsson
Ólafur Guðjónsson

Árshátíðarnefnd: Björn Anton Einarsson
Jóhanna Einarsdóttir
Unnsteinn Hermannsson

Nesoddanefnd: Drífa Friðgeirsdóttir
Gísli Þórðarson
Guðbjörn Guðmundsson

Fulltrúi Glaðs í Reiðveganefnd Vesturlands: Eyþór Jón Gíslason

8. Samþykkt var að árgjald yrði óbreytt.

9. Reiðhallar-/reiðskemmubygging. Bryndís og Valberg gerðu grein fyrir undirbúningi stjórnar að málinu til þessa. Rætt var um það hvort rétt væri að sækja um styrk til byggingar reiðhallar eða reiðskemmu. Stjórninni var falið umboð til að vinna áfram að málinu.

10. Framtíð Nesoddans. Flestir fundarmenn voru á því að mótahald muni verða aflagt á Nesodda. Ekki voru þó teknar ákvarðanir í málinu.

11. Önnur mál.

Þórður fékk orðið og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa í stjórn. Hann þakkaði þeim Bryndísi, Margréti og Harald fyrir vel unnin störf í langan tíma og gott samstarf. Hann þakkaði einnig þeim sem starfað hafa í nefndum fyrir góð störf. Loks ræddi hann um vef félagsins og óskaði eftir aðstoð félagsmanna við efnisöflun.

Sigurður Jökulsson fékk orðið og þakkaði stjórn vel unnin störf. Hann notaði einnig tækifærið og hvatti til þátttöku í ferð Hrossaræktarsambands Dalamanna. Loks minnti hann á þá stóðhesta sem í boði væru á vegum sambandsins.

Eyþór þakkaði fyrir góðan fund og þakkaði fyrir það traust sem honum hafði verið sýnt.

Bryndís þakkaði fyrir gott samstarf í stjórninni og óskaði nýkjörnum formanni til hamingju.

Bryndís sleit fundi kl. 23:00.

Þórður Ingólfsson, fundarritari (sign)

Bryndís Karlsdóttir, fundarstjóri (sign)